

Fundargerð skólaráðs Stekkjaskóla

1. fundur haldinn mánudaginn 7. febrúar kl. 15:45

Mætt: Hilmar Björgvinsson skólastjóri, Guðný Lára Gunnarsdóttir og María Ósk Ólafsdóttir fulltrúar kennara, Soffía Magnúsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna og Smári Hallgrímsson fulltrúi foreldra. Guðjón Bjarni Hálfðánarson boðaði forföll. María Ósk ritaði fundargerð.

1. Kynning á fulltrúum

Hilmar kynnir fulltrúa sem sitja í skólaráði. Það á eftir að velja einn fulltrúa frá grenndarsamfélaginu og tvo fulltrúa nemenda. Þetta skólaár eru frekar ungir nemendur í Stekkjaskóla (1.-4. bekkur) þannig að við þurfum aðeins að sjá hvernig aðkomu þeirra verði háttað á fundum. Guðný stingur upp á því að þegar búið er að velja nemendur þá verði auka fundur tileinkaður þeim og styttri en vanalega.

Fulltrúar skólaráðs skólaárið 2021-2022:

		Varamenn:
Skólastjóri:	Hilmar Björgvinsson	Ástrós Rún Sigurðadóttir
Fulltrúar kennara:	Guðný Lára Gunnarsdóttir	Eyrún Óskarsdóttir
	María Ósk Ólafsdóttir	Kristín Ragna Bergmann
Fulltrúi annarra starfsmanna:	Soffía Magnúsdóttir	Bergdís Bergsdóttir
Fulltrúar foreldra:	Guðjón Bjarni Hálfðánarson	
	Smári Hallgrímsson	
Fulltrúi grenndarsamfélagsins:		
Fulltrúar nemenda:		

2. Fulltrúi grenndarsamfélagsins

Skólaráð veljur einn fulltrúa úr hópi íbúa í grenndarsamfélaginu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Rætt hvort fulltrúum detti einhver í hug og ræddar þær nafnahugmyndir sem hafa verið gaukaðar að Hilmar. Samþykkt að Hilmar heyri í þeim sem hafa verið nefndir.

3. Hlutverk skólaráðs og starfsáætlun

Hilmar fór aðeins yfir reglugerðina fyrir skólaráð og þá sérstaklega þátttöku nemenda og fulltrúa foreldra í skólaráði. Skólaráð fjallar meðal annars um ýmis mál sem tengjast skólanum. Mikilvægt að rödd foreldra fái að heyrast í stefnumörkum skólans. Verkefni skólaráðs eru margvísleg.

Farið var yfir starfsáætlun skólaráðs en samkvæmt 4. gr. um skólaráð við grunnskóla nr. 1157/2008 skal skólaráð setja sér starfsáætlun til eins skólaárs í senn. Skólaráð skal meðal annars hafa einn opin fund á hverju skólaári.

Starfsáætlun skólaársins:

- Febrúarfundur – Kynning á fulltrúum, fulltrúi grenndarsamfélagsins, hlutverk skólaráðs og starfsáætlun, fundartími skólaráðs, skóladagatal 2022-2023, námsefniskynningar 1.-4. bekkja og staða framkvæmda við nýbyggingu Stekkjaskóla.
- Mars/apríl – Opinn fundur skólaráðs, kynning á starfsáætlun Stekkjaskóla, niðurstöður úr Maskínu starfsmannakönnun, niðurstöður úr foreldrakönnun Skólapúlsins og staða þróunarverkefnis.
- Maí/júní - Áherslur næsta skólaárs, starfsmannamál og kaffihúsfundur með starfsfólki skólans, skólaráði og stjórn foreldrafélags varðandi innra mat.

4. Fundartími skólaráðs

Ákveðið að hafa fundina á mánudögum. Sú hugmynd kom upp að hafa annan hvern fund að morgni og annan hvern seinni part dags.

Stefnt að eftirfarandi dags- og tímasetningum:

- 21. mars opinn fundur kl 8:30
- 23. maí kl. 15:00

5. Skóladagatal 2022-2023

Hilmar kynnir drög af skóladagatali næsta skólaárs.

Allir bara nokkuð sáttir við skóladagatalið. Það kom upp hugmynd um að það gæti verið gaman að hafa íþróttadag eða eitthvað skemmtilegt 19. desember.

6. Námsefniskynningar 1.-4. bekkja

Hilmar fór stuttlega yfir námsefnakynningar, einnig var farið yfir eftirfylgni með veikindum, leyfum eða fjarvist.

Almenn ánægja með námsefniskynningar sem sendar voru heim.

7. Staða framkvæmda við nýbyggingu Stekkjaskóla

Farið var yfir framkvæmdatímalínu fyrir árin 2022 – 2024.

Sýndar voru myndir frá framkvæmdarferlinu fram til dagsins í dag, einnig voru skoðaðar teikningar af framtíðarhúsnæðinu. Öllum leist vel á þetta nýja skólahús og svæðið þar í hring.

Það kom upp sú hugmynd að hafa hreystibraut hér við Stekkjaskóla.

Umræða um það þegar 2. áfangi nýbyggingar er tilbúinn hvort við verðum þá með alla bekki grunnskólans, 1.-10.bekk. Það er kannski eitthvað sem hægt verður að bjóða upp á fyrir þá nemendur sem búa í hverfinu og vilja vera í Stekkjaskóla í 8. – 10. bekk.

Aðeins rætt um skólahúsnæðið hér í Áborg og hvað stóru skólanir eru sprungnir.

Margt í gangi hér í Árborg og mikil uppbygging.

8. Önnur mál

Skólaráð þarf að hafa varamenn fyrir alla fulltrúa. Hilmar ætlar að heyra í formanni foreldrafélagsins varðandi varamenn foreldra.

Fundi slitið kl 17:25

MÓÓ/HB

Fylgiskjöl:

[Kynning skólastjóra](#)

[Starfsáætlun 2021-2022](#)

[Reglugerð um skólaráð í grunnskólum nr. 1157/2008](#)

[Skóladagatal 2022-2023](#)